

Fundargerð ræktunarstjórnar 18. apríl 2016

Mættir eru: Heiðar J. Sveinsson, Þórhallur Atlason, Erla Heiðrún Benediktsdóttir og Jens Magnús Jakobsson, Sigrún Guðlaugardóttir var fjarverandi.

- 1) Fundur settur og farið yfir síðustu fundargerð.
 - a. Ársskýrsla hafði verið send til HRFÍ
 - b. Samþykktar breytingar á veiðiprófsreglum höfðu verið sendar til HRFÍ og samþykktar af stjórn HRFÍ
 - c. Erla Heiðrún er tengiliður stjórnar við sýningarnefnd
- 2) Þörunarbeiðn lá fyrir fundinum og var afgreidd.
- 3) Hundalíf sem hafði auglýst á heimasíðu hættir að auglýsa, unnið er að því að finna auglýsendur. Vesturröst mun auglýsa á heimasíðu og bætast í hóp styrktaraðila deildarinnar.
- 4) Unnið hefur verið að reglum fyrir dómaramám í samráði við dómara og stuðst við norskar reglur þar um. Lokafrágangur er áætlaður á fundi með dómurum á næstu dögum.
- 5) Ferðaplön fyrir erlendu dómara eru klár.
- 6) Verðlagning á veiðiprófum, upp kom hugmynd að fá HRFÍ til að greina sérstaklega frá veiðiprófum fyrir Retrieverhunda á kr.5.300 og gera í sviga að 500 kr væru bráðagjald, taka þyrfti fram að þetta ætti við 2016.
- 7) Kaup og geymsla á fuglum. Keyptum 50 svartfugla í síðustu viku og teljum okkur vel sett þetta árið með svartfugl, ástæða til að huga að geymslumálum. Deildin á 4 frystikistur sem er trúlega full mikið í lagt, hugmynd að fækka um eina.
- 8) Rætt var um mismun á myndaniðurstöðum frá Svíþjóð og USA, ekki tekin nein afstaða og málið er í ferli hjá HRFÍ.
- 9) Á að gera rakkalista opinberan, rakkalisti er listi yfir rakka sem standast kröfur ræktunarstjórnar til að mælt sé með þeim. Ákveðið að funda um þetta mál aftur á næsta fundi.
- 10) Heimasíða, spurning hvort þróun sé í því umhverfi og hýsingum. Vefsíðunefnd er með málið.
- 11) Retrieverdeildin ásamt Dýrheimum stóð að prentun á veglegum bæklingi fyrir nýja hvolpaeigendur sem stendur öllum ræktendum til boða sem eru með ættbókarfærð got að kostnaðarlausu, þurfa að vísu að nálgast bæklinginn. Stjórnarmenn munu vinna saman að því að koma bæklingnum á framfæri við ræktendur eins og kostur er.
- 12) A-próf, með breyttum reglum gefst kostur á að vinna að fyrsta prufuprófi á veiðitíma, ákveðið er að nýta sér heimsókn Trond Gjotterud sem mun dæma á Húsafelli og afla hjá honum nánari upplýsinga um framkvæmdina hjá norðmönnum. Stefna síðan að því að koma sem fyrst á prufuprófi og vonandi í framhaldinu 1-3 próf í vetur. Verður unnið með veiðinefnd.
- 13) Önnur mál:
 - a. Ákveðið að mælast til þess að umsagnir um alla hunda yrðu settar inn frá sýningum og veiðiprófum. Verður unnið með Vefsíðunefnd.

F.h. Ræktunarstjórnar,

Heiðar Sveinsson